

Ed.

750. Frumvarp til laga

[406. mál]

um lágmarkslaun.

Flm.: Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.

1. gr.

Óheimilt er að greiða lægri grunnlaun fyrir 40 dagvinnustundir á viku en sem nemur framfærslukostnaði einstaklings skv. mánaðarlegum útreikningi Hagstofu Íslands.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þar til útreikningur framfærslukostnaðar einstaklings liggur fyrir skulu grunnlaun ekki vera lægri en 30 þús. kr. á mánuði fyrir 40 dagvinnustundir á viku og breytast í samræmi við breytingar á vísitölu framfærslukostnaðar.

Greinargerð.

Samkvæmt nýgerðum kjarasamningum aðila vinnumarkaðarins hækka lægstu laun hér á landi úr 16 930 kr. á mánuði í 19 236 á samningstímanum. Samkvæmt útreikningi Hagstofu Íslands á meðaltalsframfærslukostnaði má áætla að framfærslukostnaður hvers einstaklings sé nú um 30 þús. kr. á mánuði. Slíkt ósamræmi milli launa og framfærslukostnaðar hlýtur að hafa alvarlegar afleiðingar í för með sér fyrir þá sem í hlut eiga, enda er nú komið á daginn að umtalsverður fjöldi fólks eða nálægt fjórða hver fjölskylda hér á landi býr við afkomu sem telst undir fátæktarmörkum. Slíkt ástand er ekki með nokkru móti verjandi í íslensku velferðarþjóðfélagi og því er þetta frv. flutt.

Í frv. er gengið út frá því að það sé siðferðilegur réttur hvers vinnandi manns að geta framfleytt sér af afrakstri fullrar dagvinnu. Markmið þess er að koma í veg fyrir að fólk beri minna úr býtum fyrir fulla vinnu en sem nægir til að sjá sér farboða. Frv. tekur aðeins til þeirra sem hafa laun undir 30 þús. kr. á mánuði, þ.m.t. til mikils hluta útvinnaðnaðar, en það hreyfir ekki við launum sem hærri eru en 30 þús. kr. á mánuði.

Frv. er í raun neyðarráðstöfun þar sem það á að vera hlutverk aðila vinnumarkaðarins en ekki Alþingis að sjá til þess að full dagvinnulaun nægi einstaklingi til framfærslu. Þegar aðilar vinnumarkaðarins sinna ekki þessu hlutverki sínu og neyðarástand skapast á mörgum heimilum landsins getur Alþingi hins vegar ekki setið hjá aðgerðarlaust. Því er hér lagt til að Alþingi tryggi þann lágmarksrétt hvers vinnandi manns að geta framfleytt sjálfum sér með fullri dagvinnu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin kveður á um að óheimilt sé að greiða lægri grunnlaun fyrir 40 stunda dagvinnu á viku en sem nemur framfærslukostnaði einstaklings skv. útreikningi Hagstofu Íslands.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Sérstakur útreikningur á framfærslukostnaði einstaklings er ekki fyrir hendi en Hagstofa Íslands vinnur nú að nýrri neyslukönnun þar sem gert er ráð fyrir að hann verði reiknaður sérstaklega. Mun sá útreikningur væntanlega liggja fyrir í lok þessa árs. Framfærslukostnaður vísitölufjölskyldunnar (3,66 manns) er nú 81 050 kr. á mánuði. Út frá því má áætla að framfærslukostnaður einstaklings sé um 30 þús. kr. á mánuði. Því er lagt til að miðað verði við þá upphæð þar til hinn nýi útreikningur framfærslukostnaðar verður tilbúinn og að þessi upphæð breytist í samræmi við breytingar á framfærslukostnaði vísitölufjölskyldunnar.